

Ályktun Félags eldri borgara á Ísafirði og nágrenni.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Ísafirði og nágrenni haldinn 2. apríl 2019 mótmælir harðlega, þeim fátánlegu skerðingum, sem viðgangast í almannatryggingakerfinu gagnvart lífeyri, hvaðan sem hann kemur.

Fundurinn skorar á stjórnvöld að afnema þessar skerðingar nú þegar.

Greinargerð.

Tekjuskerðing almannatrygginga gagnvart eldri borgurum og örykjum er alls ekki sjálfsögð og því síður að hún teljist vera einhvers konar samfélagslögmál, sem verði ekki brotið frekar en sjálf náttúru-lögmálið. Tekjuskerðingunni var komið á með pólitískri ákvörðun og henni verður ekki breytt eða hún afnumin nema með pólitískri ákvörðun.

Á Íslandi er yfir 60% lífeyris greidd úr lífeyrissjóðakerfinu en innan við 40% koma frá Tryggingastofnun. Svo hátt hlutfall greiðslna úr lífeyrissjóðum þekkist hvergi annars staðar.

Það sem stingur í augu við þennan samanburð er sú staðreynd að íslenska kerfið sker sig úr með mikilli tekjutengingu lífeyris frá ríkinu. Hvergi annars staðar fellur lífeyrir úr opinbera kerfinu alveg niður ef tekjur frá lífeyrissjóðum fara yfir tiltekin mörk. Tekjutengingin hér er harkaleg og vandséð hvað réttlætir það að Íslendingar skrái sig á söguspjöld með slíku fyrirkomulagi. Skerðingin varðar tugi þúsunda manna. Hægt er að sýna með sannfærandi rökum að ríkið tvískatti í raun lífeyristekjur í núverandi kerfi, annars vegar hjá ríkisskattstjóra og hins vegar hjá Tryggingastofnun, í formi skerðingar á lífeyri.

Ályktun Félags eldri borgara á Ísafirði og nágrenni.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Ísafirði og nágrenni, skorar á aðila vinnumarkaðarins að beita samstöðuafli sínu gagnvart stjórnvöldum, að tryggt verði samningsbundið iðgjald til lífeyrissjóða nýtist sjóðsfélögum fremur en ríkinu með óbeinum hætti, líkt og nú virðist gerast.

Greinargerð.

Um þessar mundir eru 50 ár liðin frá því að forustumenn heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks undirrituðu kjarasamninga, sem mörkuðu tímamót vegna ákvæðis um aðild launafólks á almennum vinnumarkaði að lífeyrissjóðum. Sjóðunum var ætlað það hlutverk að bæta kjör borgara. Hví eiga eldri borgarar að þola þyngri skattbyrði en almennt gerist í þjóðfélaginu ?

Ályktun aðalfundar F.E.B.Í. haldin 2.apríl 2019.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Ísafirði og nágrenni, styður kröfur, stéttarféлага og sambanda innan Alþýðusambands Íslands um að, „stigið verði ákveðið skref til lækkunar á skerðingu almannatrygginga úr 45% í 30% vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum.“

Greinargerð.

„Sú óréttláta skerðing, sem viðgengst í dag á sér ekkert fordæmi í þeim löndum, sem við berum okkur saman við og stuðlar að fátækt meðal eldri borgara og rýrir traust, að lífeyrissjóðum. Einnig leggur fundurinn áherslu á að tryggður verði jöfnuður milli lífeyrisþega gagnvart almannatryggingum, vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum, sem tilkomin er vegna skylduiðgjalds, hvort sem lífeyrir kemur úr samtrygging eða séreign.“

Fundurinn leggur traust sitt á að ASÍ fylgi kröfunni fast eftir í viðræðum við stjórnvöld.

Ályktun Félags eldri borgara á Ísafirði og nágrenni.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Ísafirði og nágrenni haldinn 2. apríl 2019 **skorar á heilbrigðisráðherra að afnema nú þegar, þær skerðingar**, sem felast í reglugerð nr. 871 frá 2004 með á orðnum breytingum, um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins (Sjúkratrygginga Íslands) í ferðakostnaði sjúkratryggða og aðstandenda þeirra innanlands. Svo fólki í landinu sé ekki mismunað við að leita sér lækniþjónustu.

Greinargerð.

Sjúkratryggðir einstaklingar, sérstaklega eldri borgarar á landsbyggðinni þurfa oft að leita til sérfróðra lækna með ýmsa kvilla, eins og augnsjúkdóma, heyrn og fleira. Jafnframt því að fara í sjúkdóms rannsóknir sem ekki eru til staðar í héraði. Reglur um ferðakostnað hjá Sjúkratryggingum Íslands hljóða þannig í dag að greiddar eru – 2 - ferðir á ári nema um lífshættulegan sjúkdóm sé að ræða. Slíkar ferðir eru oft mjög kostnaðarsamar og í þingandi fjárhagslega fyrir fólk, ekki síst eldri borgara, sem sumir hverjir hafa ekki mikinn lífeyri. Oft þarf fólk að fara fleiri ferðir en vær.

Dæmi: Farið er til sérfræðings í febrúar 2018 þar sem fram kemur að viðkomandi þurfti að fara í aðgerð á Landsspítala (þar er alltaf góð bið). Í sept. 2018 þurfti viðkomandi að fara til augnlæknis (viðkomandi er með sykursýki) og þar voru komnar tvær ferðir á árinu. En í janúar 2019 kom að aðgerðinni sem sagt var frá áður og kostaði flugið suður 32 þúsund krónur fyrir viðkomandi – en NEI það fékkst ekki greitt þar sem komnar voru tvær ferðir á árinu.

Svona mismunum þegnana er ekki hægt að þola !

Ályktun um fasteignagjöld.

Aðalfundur Félags eldri borgara Ísafirði og nágrenni, haldinn

2. apríl 2019, **skorar á Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að nýta heilmild í lögum og reglugerð um fasteignagjöld.**

Þar segir m.a. „Heimilt er sveitastjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða“.

Greinargerð:

Í samanburðar skýrslu Byggðastofnunar um fasteignagjöld 2018 á landinu, er í öllum tilvikum stuðs við eign sem er 161,1 ferm. og lóð sem er 808 ferm.. Í þessum samanburði kemur m.a. fram að hækkun á fasteignamat milli ára 2017-2018 var um 11% á Ísafirði. Fasteignagjöldin eru að meðaltali tæplega 350 þús. og er hækkun milli ára tæp 10% og er Ísafjörður í fimmta sæti hvað varðar hækkun þessara gjalda. Fyrir ofan Vestmannaeyjar, Akureyri, Kópavog, Reykjavík Grafarholt og fleiri. Ísafjörður er í 10. sæti í hækkunum. Laun elli- og Örorkulífeyrisþega hafa ekki hækka þetta mikið.

